

Dreifibréf til byggingarfulltrúa, verkkaupa
verktaka, verkmenntaskóla
o.fl. sem málið varðar

Reykjavík 7. september 2006

Tilvísun: 200609-0012/ 1.02.04

Evrópskt Asbest-átak 2006

Á síðari hluta ársins 2006 verður sérstakt eftirlits- og upplýsingasáttak með asbesti á evrópska efnahagssvæðinu. Markmiðið með áttakinu er að vernda heilbrigði starfsfólks þar sem viðhald, niðurrif, brottflutningur eða förgun efna sem innihalda asbest fer fram. Markmiðið er einnig að fylgjast með að reglum um asbest sem gilda á svæðinu sé fylgt. Framkvæmdin verður í höndum vinnueftirlitsstofnana í hverju ríki og mun Vinnueftirlitið á Íslandi taka þátt í áttakinu.

Fræðslu- og upplýsingaáttak

Vegna áttaksverkefnisins hefur verið gefið út fræðsluefni um asbest. Ætlunin er að koma því fræðsluefni til sem flestra sem málið varðar, einkum til iðnaðarmanna og iðnverkamanna, t.d. á byggingarvinnustöðum. Einnig verktaka, verkkaupa, atvinnurekenda, byggingarfulltrúa og annarra sem líklegir eru til að þurfa að vinna við eða sjá um að fjarlægja asbest, eða gefa leyfi fyrir niðurrifi á byggingum sem kynnu að innihalda asbest. Í fræðsluefninu er m.a. að finna ýmsar ábendingar um hvernig staðið skuli að því að fjarlægja asbest.

Framkvæmd áttaksverkefnisins hér á landi mun einkum felast í útgáfu og dreifingu á fræðslu- og upplýsingaefni. Eftirlitsmenn Vinnueftirlitsins munu síðan í september til nóvember heimsækja vinnustaði þar sem unnið er með asbest eða líklegt er að starfsmenn vinnustaðanna geti þurft að vinna við asbest t.d. byggingarvinnustaði og m.a. afhenda þeim fræðslu- og upplýsingarefni um asbest.

Vinnueftirlitið óskar eftir að þér kynnið yður vel innihald bæklingisins. Jafnframt er farið fram á það að þér kynnið hann fyrir öðrum starfsmönnum yðar sem málið getur varðað.

Nánari upplýsingar um asbest-átakið og frekara fræðsluefni um asbest að finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is Í tilefni áttaksverkefnisins hefur verið gefið út margvíslegt efni á ensku og fleiri tungumálum sem hægt er að nálgast á heimasíðunni. Þar er einnig að finna upplýsingar um námskeið sem Vinnueftirlitið heldur reglulega fyrir þá sem þurfa að vinna við niðurrif á asbesti í mannvirkjum.

Virðingarfyllt
f.h. Vinnueftirlitsins

Sigfús Sigurðsson
verkefnisstjóri

Kristinn Tómasson
yfirlæknir Vinnueftirlitsins